

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 25/98
frá 27. mars 1998**

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/97 frá 17. desember 1997⁽¹⁾.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/62/EB frá 13. desember 1995 um frjálstan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 5b (tilskipun ráðsins 92/44/EBE) í XI. viðauka við samninginn:

„5c. **395 L 0062:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/62/EB frá 13. desember 1995 um frjálstan aðgang að netum (ONP) fyrir talsímaþjónustu (Stjtið. EB nr. L 321, 30. 12. 1995, bls. 6).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 321, 30. 12. 1995, bls. 6.

- a)
 - i) Liechtenstein skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun fyrir 1. janúar 1998;
 - ii) Í lok aðlögunartímabilsins fyrir Liechtenstein, sem kveðið er á um í i-lið, skal sameiginlega EES-nefndin endurmeta stöðuna með hugsanlegar breytingar í huga sem þörf er á til að taka til greina ráðstafanir vegna reksturs á fasta almenna símanetinu í Liechtenstein. Þangað til skal Liechtenstein þó leggja kapp á að tryggja að farið verði að ákvæðum tilskipunarinnar á yfirráðasvæði sínu eftir því sem framast verður komið.
- b) að því er EFTA-ríkin varðar skal tilvísunin í a-lið 27. gr. sáttmálans teljast tilvísun til sammingsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls;
- c) eftirfarandi bætist við 2. mgr. 27. gr.:
 - a) ef gripið er til málsmeðferðarinnar í 3. og 4. mgr. í máli sem ein eða fleiri eftirlitsyfirvöld EFTA-ríkja eiga hlut að, þá skal tilkynningin send hinu innlenda eftirlitsfirvaldi og Eftirlitsstofnun EFTA;
 - b) ef gripið er til málsmeðferðarinnar í 3. og 4. mgr. í máli sem ein eða fleiri eftirlitsyfirvöld bæði ESB-ríkja og EFTA-ríkja eiga hlut að, þá skal tilkynningin send hinu innlenda eftirlitsfirvaldi, framkvæmdastjórninni og Eftirlitsstofnun EFTA;
- d) eftirfarandi bætist við 3. mgr. 27. gr.:
 - a) telji innlenda eftirlitsfirvaldið eða Eftirlitsstofnun EFTA, að fenginni tilkynningu samkvæmt a-lið 2. mgr., að ástæða sé til að kanna málið frekar getur það eða hún vísað málinu til starfshóps sem er skipaður fulltrúum EFTA-ríkja og viðkomandi eftirlitsfirvalda þeirra og fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA er vera skal formaður starfshópsins. Ef formaður telur að allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar á landsvísu, þá skal hann hefja málsmeðferð samkvæmt, að breyttu breytanda, þeim skilmálum sem eru settir í 4. mgr. 27. gr.
 - b) telji innlent eftirlitsfirvald, framkvæmdastjórnin eða Eftirlitsstofnun EFTA, að fenginni tilkynningu samkvæmt b-lið 2. mgr., að ástæða sé til að kanna málið frekar þá geta þessir aðilar vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar. Ef sameiginlega EES-nefndin telur að allar nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar á landsvísu, þá getur hún sett á stofn starfshóp skipaðan jafnmörgum fulltrúum EFTA-ríkja og viðkomandi eftirlitsfirvalda þeirra annars vegar og jafnmörgum fulltrúum ESB-ríkja og viðkomandi eftirlitsfirvalda þeirra hins vegar, sem og fulltrúum Eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnar EB. Sameiginlega EES-

nefndin tilnefni formann starfshópsins. Starfshópurinn skal, að breyttu breytanda, fylgja þeim starfsreglum sem eru settar í 4. mgr. 27. gr.”.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/62/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbato

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner